

4. Fornleifar og byggð í héraði

Sumarið 2001 var ysti bærinn sem skráður var Sakka í austanverðum Svarfaðardal. Sumarið 2002 var haldið áfram fornleifaskráningu þar sem frá var horfið og hafist handa á Skáldalæk, næsta bæ utan við Sökku, sem er jafnframt ysti bærinn í austanverðum Svarfaðardal. Bærinn Hrísar, sem er á flatlendinu fram af dalsbotni Svarfaðardals, var skráður og jafnframt Hamarsbæir og Háls sem eru austustu bæirnir í gamla Svarfaðardalshreppi. Þar austan við er Hámundarstaðaháls sem skilur á milli Svarfaðardals og Árskógsstrandar og á honum voru áður merki milli hreppanna tveggja. Við sameiningu varð hins vegar Svarfaðardalur ásamt allri Árskógsströnd (að Arnarneshreppi) að einu sveitarfélagi, Dalvíkurbyggð. Því var, sumarið 2002, haldið áfram skráningu utan hins gamla Svarfaðardalshrepps og um helmingur gamla Árskógshrepps skráður.

Suður frá Hámundarstaðahálsi að vestanverðu gengur afdalur sem nefndur er Hálsdalur austanmegin en Hamarsdalur að vestan eftir þeim bæjum sem eiga þar land. Eftir dalnum rennur Hálsá niður í ósa Svarfaðardalsár. Við mynni dalsins að vestan er lág hæð sem kallast Hamar. Frá Hamri liggur melhjalli til vesturs og á honum standa bæirnir sem draga nafn sitt af Hamrinum. Fram af hamrinum tekur við aflíðandi landsvæði að sjó og þar nokkru norðar eru Hrísar. Undirlendi er nokkuð yst í Svarfaðardal en snarminnkar við Hálsinn og yst á Árskógsströnd. Það eykst hins vegar aftur eftir því sem innar dregur á ströndinni og við mynni Þorvaldsdalsár er það orðið 3-4 km á breidd.

Árskógsströnd er víða vogskorin og eru þar margir klettahöfðar þó svo að góðar vikur séu einnig víða. Ströndin við Hálshöfðann er með allmiklum klettum. Austan og sunnan undir honum er Reitsvík og austan undir henni Helluhöfði. Hann er brattur og fjarar út til austurs í ás sunnan við Litla-Árskógssand þar sem lítið þéttbýli er við ströndina fast utan Þorvaldsár.

Austan Hámundarstaðaháls eru fjöllin ofan strandarinnar oftast nefnd Árskógsstrandarfjöll eða Sólarfjöll en stundum eru þau þó kennd við þá bæi sem þau skýla og er Krossafjall (1000 m y.s.) líklega þekktasta heitið. Umræddur fjallgarður nær alla leið að Þorvaldsdalsmynni sem er um miðja Árskógsströnd.

Bæjarröðin á svæðinu var víðast einföld ef frá eru talið tvíeykið Hella og Krossar á Árskógsströnd og þrennan Hamar, Hrísar og Skáldalækur, rétt utan við

mynni Svarfaðardals. Á báðum stöðum er undirlendi nokkuð. Aðrar jarðir eiga allar land frá á/sjó og upp á fjallsbrúnir. Dýrleiki flestra jarðanna á Árskógsströnd var 30-40 hdr. í Jarðabók Árna og Páls en jarðirnar vestan við Hámundarstaðahálsinn voru flestar ívið lægra metnar eða nálægt 20 hdr. Undantekning frá þessu er Háls sem var langhæst metin af þeim jörðum sem skráðar voru 2002 eða á 60 hdr. Reyndar er rétt að nefna að Hámundarstaðir voru verið metnir jafndýrir áður en jörðinni var skipt upp í Litlu- og Stóru-Hámundarstaði.

Bæirnir sem skráðir voru sumarið 2002 eru allir staðsettir fremur nálægt ströndinni. Næst sjávarmáli standa Skáldalækur, Hrísar og Hella innan við 20 m.y.s. Í 20-40 m.y.s. eru Litlu- og Stóru-Hámundarstaðir, Krossar og Litli-Árskógur en aðeins ofar (eða í 40-60 m y.s.) eru Brattavellir, Háls, Hamar og Hamarskot. Alls voru skráð hátt í 30 smábýli og voru þau flest í svipaðri hæð eða neðan við (þ.e. nær sjó) aðalbæinn og ábúendur þeirra flestir líklega stundað einhverja sjósókn með búskap. Einu býlin sem skráð voru ofan við bæi voru tvö smábýli í landi Brattavalla (055:008 og 055:013) og Fjallgerði (181:011).

Jarðirnar á skráningarsvæðinu eru í flestar í meðallagi stórar og eru tæplega 22 fornleifar á meðaltali á jörð. Landrými var ekki mikið og dreifing minjastaðanna lýtur sömu meginreglu og annars staðar í Eyjafirði: langflestir eru skamman spöl frá bæ og hafa orðið eyðileggingu að bráð.

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflogum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld.

Alls voru skráðir 7 bæjarhólar og 4 bæjarstæði sumarið 2002. Ástand bæjarhólanna er mjög misjafnt, og hafa margir þeirra verið skemmdir meira eða minna. Engar leifar bæjarhóls er að finna á Krossum, Litla-Árskógi, Brattavöllum og Hamarskoti en á öðrum bæjum mátti greina einhver merki bæjarhóla. Þar sem bæjarhólar eru horfnir er orsökina oftast rask vegna bygginga húsa á 20. öld en í Hamarskoti var byggðin að líkindum skammvinn og því ólíklegt að verulegur bæjarhóll hafi náð að myndast þar.

Í mörgum tilfellum hafa framkvæmdir ekki eyðilagt bæjarhóla algjörlega og enn má sjá greinilega bæjarhóla á Stóru-Hámundarstöðum, Hrísum, Skáldalæk og Hamri jafnvel þó að nýrri hús hafi síðar verið byggð á hólunum. Á Hellu, Litlu-Hámundarstöðum og Hálsi má hins vegar aðeins greina mjög óljósar hæðir þar sem bæirnir hafa staðið. Á Hellu og Hálsi hefur byggð varað lengi og því eðlilegt að vænta mikilla hóla. Verður því að teljast líklegt að við síðari tíma framkvæmdir hafi að nokkru verið sléttað úr hólunum.

Á skráningarsvæðinu sáust hvergi leifar eldri torfbæja og í öllum tilfellum höfðu yngri íbúðarhús verið byggð á sama stað (052:001, 053:001, 066:001, 100:001, 178:001, 179:001 og 180:001) eða næsta nágrenni eldri bæjar (054:001, 055:001 og 067:001). Undantekning frá þessu var Hamarskot (180:001) sem fór í eyði um 1930 en þar var aldrei byggt steinhús.

Á skráningarsvæðinu voru þekkt 27 býli, búðir og hjáleigur. Langflest voru býlin í landi Litla-Árskógar (eða helmingur allra býla á svæðinu) en þar var hafin þéttbýlismyndun í tengslum við sjósókn í lok 19. aldar. Þar voru því skráðar 10 búðir fast við sjávarsíðuna sem byggðar voru á tímabilinu 1880-1895 (054:012-023) og 3 afbýli (Svínakot 054:009, Hinriksmýri 054:013 og Árbakki 054:013) sem öll byggðust upp á 9. áratug 19. aldar. Engin ummerki sjást nú um torfhús eða garða á þessum slóðum ef frá er talinn garðlagsbútur um 100 m norðan við Svínakot.

Fimm af hinum býlunum 14 sem skráð voru sumarið 2002 voru byggð upp síðla á 19. öld eða í byrjun þeirrar 20. Þetta eru hjáleigurnar Brattahlíð (055:013) í landi Brattavalla, Hellugerði (066:016), Gilsbakki (066:023) og Lækjarbakki (066:024) í landi Hellu og Grjótgarður (180:002) í landi Hamarskots. Sléttuð tún eru nú þar sem Brattahlíð og Hellugerði voru, steinsteypt íbúðarhús á Lækjarbakka en stæðileg tóft Grjótgarðs sést enn og óljósar hleðslur eru við Gilsbakka.

Níu eldri býli voru skráð. Ástand þeirra var að jafnaði fremur gott ef haft er í huga að fæst þeirra eru í verulegri fjarlægð frá bæ og því í meiri hættu en ella. Undantekningar frá þessu eru býlin Kot (055:008) í landi Brattavalla og Höllukot (179:008) í landi Hamars. Í Koti sáust, allt fram á 9. áratug 20. aldar, greinilegar leifar sporöskjulaga vallargarðs og tófta. Engar heimildir eru þekktar um hvenær býlið byggðist upp eða hversu lengi það var í byggð. Öll ummerki um býlið hafa nú verið sléttuð. Höllukot var aðeins 150-200 m frá Hamarsbænum en rústir þess hafa einnig verið sléttaðar í tún.

Leifar Hellukots (066:012) í landi Hellu eru enn greinilegar um 1,2 km austan við bæ. Þar sjást leifar sporöskjulaga vallargarðs, tveggja tófta innan hans og annarra tveggja skammt utan hans. Líkt og með Kot er býlið ekki þekkt úr öðrum ritheimildum en örnefnaskrá og því ekkert vitað um hvenær það var í byggð.

Á landamerkjum Hrísa og Hamars eru áhugaverðar tóftir (100:010). Um er að ræða sporöskjulaga vallargarð og innan hans 6-7 tóftir og stórt, hringlaga gerði. Staðurinn fannst við vettvangsgöngu og engar ritheimildir þekktar um hann. Allar mannvistarleifar á svæðinu eru signar og fornlegar og útlit tóftanna bendir til að um býli sé að ræða. Árni Magnússon og Páll Vídalín minnst ekki á staðinn í Jarðabók sinni frá 1714. Ef rústirnar eru af býli, eins og ætla má af útliti þeirra og staðetningu, er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir að býlið hafi löngu verið komið í eyði og orðið að ógreinilegum þústum þegar þeir félagar skráðu jarðabók sína. Ekki er þó auðvelt að geta sér til um aldur rústanna.

Í landi Háls eru þekkt þrjú býli og sáust merki þeirra allra. Býlið Lykkja (181:008) var 700-800 m norðan við bæ. Að hluta hefur verið rutt úr leifunum en þó sjást nokkur merki þeirra enn. Mjög greinilegur, sporöskjulaga vallargarður liggur umhverfis hæðina þar sem býlið stóð og innan hans má greina fjórar tóftir. Ekki er annað vitað um aldur Lykkju en að hún var hjálega Háls um aldamótin 1900. Annað býli, Þrælagerði (181:009), var 200-300 m norðan við bæ, ekki langt utan túngarðs. Sökum nálægðar við heimatúnin hafa býlisleifarnar að mestu verið skemmdar við

stækkun túna en þó má enn greina staðsetningu þeirra þar sem um 70 m af vallargarðinum sem var umhverfis tóftirnar eru enn óskemmdir. Þriðja býlið í Hálslandi, Fjallgerði (181:011), var um 600 m suðaustan við Hálsbæinn og er, eins og nafnið gefur til kynna, í fjalllendi. Þar eru greinilegar 8 tóftir en einnig eru mikil garðlög ofan við tóftirnar. Síðast nefndu býlin tvö gildir það sama, útlit tóftanna bendir til að þar hafi verið býli en engar eldri ritheimildir geta staðarins.

Umfangsmestu býlisrústirnar á skráningarsvæðinu voru í landi Stóru-Hámundarstaða. Þar eru um 25 tóftir á víð og dreif í aflíðandi múum, um 1,3 km norðan við Stóru-Hámundarstaði. Svæðið er nokkuð samfelld en því hefur gjarnan verið skipt upp í tvö býli, Efra- (052:023) og Neðra-Hálskot (052:024). Rústirnar hafa reyndar gengið undir ýmsum öðrum nöfnum s.s. Dalsbær, Stóri-Háls og Hálskot og jafnvel leiddar getur að því að þarna hafi Hámundarstaðabærinn fyrst staðið. Hvað sem slíkum vangaveltum líður er ljóst að þessum stað hefur ekki verið neitt kotbýli enda fjöldi og umfang tófta slíkt að líklegt er að þarna hefur verið myndarbær. Sumar tóftanna eru greinilega markaðar af síðari tíma notkun en flestar þeirra virðast þó signar og fornlegar og sömu sögu er að segja um mikinn vallargarð sem gengur frá fjallshlíðinni og niður í sjó vestan við rústasvæðið. Um það liggja einnig fornlegir götuslóðar (052:045), í gegnum garðinn og áfram til austurs þar til þeir hverfa í Stóru-Hámundarstaðatún.

Flest býlin sem skráð voru 2002 voru á/utan í Hámundarstaðahálsi, á mörkum Svarfaðardals og Árskógsstrandar. Svæðið er óvenju auðugt af myndarlegum tóftaþyrpingum sem líklega eru af býlum. Á sama svæði eru einnig sérstaklega áberandi mikil og fornleg garðlög en um þau verður fjallað sérstaklega hér að aftan.

Útihús og túngarðar

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Flest voru fjárhús, en hesthús voru á hverjum bæ og stóðu þau oftast nærri túngarði. Fjós voru víðast inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við fjósin.

Útihús eru stærsti minjaflokkurinn en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld.

Flest útihúsanna á skráningarsvæðinu eru nú horfin. Að þessu sinni voru skráð 60 útihús en einungis var hægt að greina leifar fjögurra þeirra og er ástand þessa

minjaflokks því sérstaklega slæmt á þessu svæði. Ekki er vitað um nákvæmt hlutverk 29 útihúsanna en af þeim sjást einungis tvær þústir. Þær eru báðar í landi Hellu (066:026-027). Annars voru flest húsanna fjárhús (eða 12) en einungis sjást leifar eins þeirra. Það eru fjárhús á Háagerði í landi Stóru-Hámundarstaða (052:006). Önnur hús voru horfín, annað hvort undir nýrri byggingar eða vegna sléttunar. Á svæðinu voru einungis skráð 4 fjós og voru leifar allra horfnar. Líklegt er hins vegar að flest fjósanna hafi verið sambyggð gömlu bæjunum. 3 hesthús voru skráð og sáuust óljósar leifar eins þeirra sem var á Stóru-Hámundarstöðum (052:053). 2 lambhús og 4 kvíar voru skráðar en engin merki þessara húsa eru nú greinileg á yfirborði. Einnig voru skráðar 3 smiðjur og 3 myllur en engin ummerki sáuust heldur um þessi hús.

Heimildir voru fyrir flestum útihúsum á Stóru-Hámundarstöðum (10 hús og sjást merki tveggja). Á Hellu voru skráð 8 útihús (merki tveggja sjást) og í landi Krossa, Brattavalla, Skáldalæks og Háls 5-6 útihús. Annars var algengast að 4 útihús væru skráð á hverri jörð.

Túngarðshleðsla var mikilvægur hluti af túnabótum á 19. öld og sjást leifar túngarða enn á 4 jörðum. Í landi Stóru-Hámundarstaða sjást merki túngarðs á tveimur stöðum (052:017 og 042). Leifar túngarða í landi Hamars og Hamarskot (179:015 og 180:005) eru enn merkjanlegar en lítið er nú eftir af uppistandandi túngarði á Hálsi (181:022) þó vel megi sjá hvar hann lá í sléttuðum túnunum.

Tún og kálgarðar

Af einhverjum ástæðum hófst túnasléttun seinna í Svarfaðardal en víða annarsstaðar. Túnasléttun hefst fyrir alvöru árið 1869 en fór þó hægt af stað fram undir 1880-90. Eftir það kom mikill kippur í sléttunarmál og var á næstu árum sléttað mikið í dalnum (SD I, 23-33).

Engin gömul tún eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu nema ef vera skyldi túnin í kringum nokkur býlanna sem fóru snemma í eyði. Er þar helst að nefna Hálskot (052:024-025) en þar voru umtalsverð tún sem ekki hafa verið sléttuð síðan bærinn fór í eyði.

Kál- og kartöflurækt hefur verið allblómleg í Svarfaðardal. Á því svæði sem nú var skráð voru hins vegar mjög fáir kálgarðar þekktir. Einungis voru skráðir þrír kálgarðar að þessu sinni (052:016, 052:051 og 179:016). Sléttað hafði verið yfir bæði gerðin umhverfis kálgarða í landi Stóru-Hámundarstaða en leifar garðs í landi Hamars voru enn greinilegar. Svo virðist því sem kál- og kartöflurækt yst í Svarfaðardal

austanverðum og á Árskógsströnd hafi ekki verið eins mikil og annars staðar í Svarfaðardal.

Garðlög*

Samtals voru, sumarið 2002, skráðir 5 landamerkjagarðar og sáust merki þeirra allra. Óverulegastar voru leifar merkjagarðs milli Litlu- og Stóru-Hámundarstaða (052:010 en þar sást þó um 50 m kafli garðsins) og milli Hrísa og Skáldalæks (178:013 óljós merki sáust á 200 m kafla). Mun greinilegri voru merkjagarðar milli Litlu-Hámundarstaða og Hellu (054:008 um 2 km á lengd), Háls og Stóru-Hámundarstaða (181:030 um 2,4 km langur) og milli Brattavalla og Kleifar (055:015 um 650 m á lengd).

Samansafn garðparta sem liggja meðfram vestanverðum Svarfaðardal inn í botn og aftur út með vestanverðum dalnum er gjarnan nefnt einu nafni Sveitarlangur. Hlutverk garðlaganna er ekki alveg ljóst en líklegast þykir að þeir hafi þjónað sem einhvers konar vörslu- og landamerkjagarðar og e.t.v. síðar, eftir að hætt var að halda þeim við, notaðir sem göngugarðar. Kerfið er nú orðið slitrótt á köflum og ekki er alltaf ljóst hvaða garðbúta er rétt að telja til þessa kerfis. Sumarið 2002 voru skráðir fjöldamargir garðar sem vel gætu verið hluti af garðakerfinu og voru þeir sérstaklega heillegir við mynni Svarfaðardals og á Hámundarstaðahálsi.

Í landi Stóru-Hámundarstaða var, auk tveggja landamerkjagarða sem áður er getið, greinilegur um 500 m langur garður (052:043) frá sjó og upp í fjallshlíð fast utan við Hálskot (052:024-025). Líklegast er að garðurinn hafi afmarkað tún/eign kotanna til vesturs en hann hefur einnig getað þjónað sem vörslugarður. Ofan þjóðveggar voru áður nokkuð miklar garðleifar, kallaðar Gíslapartsgarður (052:038). Litlar leifar garðlaganna eru nú greinilegar en þó má greina stutta kafla ofan þjóðveggar. Nokkru innar er 700-800 m langur garður (052:044) sem liggur eftir endilangri fjallshlíðinni um 150-200 m ofan við þjóðveg. Garður þessi verður ógreinilegur nokkru áður en komið er að landamerkjum við Litlu-Hámundastaði en nokkru innar í því landi má greina garðlag (067:009) í svipaðri hæð og svipað að lengd sem vel gæti verið hluti af sama garði. Útlit þessara garða og staðsetning er svipuð þeim garðlögum sem kölluð hafa verið Sveitarlangur inni í Svarfaðardal.

Í landi Litla-Árskógs má greina 400-500 m langt garðlag (054:033) meðfram hlíðinni endilangri um 1 km ofan við bæ sem vel gætu verið hluti af Sveitarlangi.

* Á landamerkjakorti fremst í skýrslunni má einnig sjá helstu garða á skráningarsvæðinu

Svipaða sögu er að segja um garðlag (178:013) syðst í landareign Skáldalækjar. Það liggur úr Sökkulandi og má rekja á um 150 m kafla áður en það verður ógreinilegt. Ekki er ólíklegt að annað garðlag, sem má greina yst í landi Skáldalækjar og liggur í beygju yfir landareignir Hamars og Hamarskots (180:006), sé hluti af sama garðinum. Þessi bútur er samtals um 750 m langur. Frá honum liggur annars vegar garður sem afmarkar túnstæði Hamars og Hamarskots til vesturs (180:005) og hins vegar garður sem afmarkar túnstæðin til austurs en klofnar svo í tvennt og liggur vestari armurinn til norðausturs í átt að býlisleifum í Hrísalandi (179:015). Norðvestast í landi Hamars má svo enn greina garðlag sem gæti einnig verið hluti af áðurnefndum Sveitarlangi (180:006). Það nær frá Hálsá og í 250-300 m til vesturs.

Lang umfangsmestu garðlögin á skráningarsvæðinu 2002 voru á Hámundarstaðahálsi, í Hálslandi. Þar má greina fimm nokkuð stæðilega garða. Tveir þeirra liggja frá Hálsá á Hálsdal til austurs og beygja svo til norðurs. Þar endar annar garðurinn (181:028) ofan við Fjallgerði en hitt garðlagið (181:024) heldur áfram að þjóðvegi og er aftur greinilegt neðan hans, alla leið að sjó. Frá umræddu garðlagi liggur svo, nokkru neðan þjóðveggar enn annar garður (181:029) í um 350 m til suðvesturs en endar þá þar sem þriðji garðurinn (181:033) liggur þvert á hann til austurs eftir endlangri strandlengjunni alla leið að merkjagarði. Erfitt er að segja til um hlutverk allra þessara garða en hugsanlegt er að a.m.k. hluti þeirra hafi afmarkað land hinna ýmsu smábýla í Hálslandi.

Auk ofangreindra garðalaga eru leifar minni garða, sem oftast hafa verið e.k. vörslugarðar, að finna í landi Litla-Árskógar (054:038), Hellu (066:010) og á Hrísum (100:014).

Engjar og áveitur

Mjög litlar engjar voru á því svæði sem skráð var 2002. Lítið engjasvæði er fram af Skáldalæk en engar áveitur eru þekktar þar frekar en annars staðar á skráningarsvæðinu þó sennilegt verði að teljast að áveitur hafi verið víða. Einhver engjaheyskapur hefur verið stundaður á litlum engjasvæðum í fjallshlíðinni ofan við bæina og er t.d. getið um að „heyto“ hafi verið víða í landi Stóru-Hámundarstaða. Aðeins sáust þó merki eins þeirra (052:048).

Vatnsból

Flest bæjarstæðin á skráningarsvæðinu virðast hafa verið valin með nálægð við gott

vatnsból í huga. Bæirnir standa flestir nálægt ám eða smálækjum. Hrísar er eina jörðin þar sem vitað er að var örðugt um vatn. Þar var því grafinn brunnur (100:011) rétt sunnan við bæ en ummerki hans eru nú horfin. Var það eini brunnurinn sem skráður var sumarið 2002.

Svarðargrafir

Mótak var á flestum bæjanna (samtals á 15 stöðum) en ekki eru þekktar svarðargrafir í landi Litlu-Hámundarstaða, Hamars og Hamarskots. Á öðrum bæjum eru þekktar svarðargrafir; tvennar grafir í landi Hellna (066:013 og 066:029), Hrísa (100:009 og 100:015) og Háls (181:012 og 100:021) en langflestar, eða 5 mógrafarsvæði í landi Stóru-Hámundarstaða (052:018, 052:034, 052:035, 052:037 og 052:039). Ummerki flestra mógrafanna voru horfin (á 10 stöðum) en þær sáust þó enn í landi Krossa (053:010), Litla-Árskógs (054:037), Skáldalækjar (178:009) og tvennar grafir í landi Hellu (066:013 og 066:029).

Skráðir voru tveir staðir þar sem torf var rist. Þeir voru í landi Stóru-Hámundarstaða (052:022) og í landi Litla-Árskógar (054:007). Ummerki torfristunnar voru ekki merkjanleg.

Kvíar, réttir og stekkir

Sumarið 2002 voru skráðar 4 kvíar sem allar voru horfnar. Kvíar í landi Hellu (066:015) hafa horfið í malarnám og annað rask en kvíar í landi Brattavalla (055:009), Hrísa (100:007) og Skáldastaða (178:010) hafa allar vikið í túnasléttun.

Engin rétt var skráð sumarið 2002 en stekkir voru við flesta bæina. Samtals voru skráðir 8-9 stekkir og sáust leifar þeirra í landi Krossa (053:008), Hellu (066:018), Hrísa (100:006), Skáldalækjar (178:014) og Hamars (179:010). Engar leifar tveggja stekkjara í landi Stóru-Hámundarstaða (052:031 og 052:050) og eins stekklar í landi Brattavalla eru nú greinilegar á yfirborði. Annar stekkurinn á Stóru-Hámundarstöðum er í örnefnalýsingu sagður syðst í Votahvammi (052:050) en þar eru engar tóftir. Nokkru neðar í hlíðinni, neðan við Votahvamm, fannst hins vegar sigin, þrískipt tóft. Ekki er óhugsandi að hún sé í raun stekkjartóft og staðsetning í örnefnaskrá sé röng. Ekki verður þó um það fullyrt. Örnefnaskrár og aðrar ritaðar heimildir þegja þunnu hljóði um stekk/stekki í landi Háls. Ólíklegt er þó annað en a.m.k. einn stekkur hafi verið á svo stórum bæ. Um 1200 m sunnan við bæ, utarlega á Hálsdal, fannst tvískipt tóft (181:027). Útlit hennar og staðsetning í landslaginu koma vel heim og saman við dæmigerðar stekkjartóftir á þessum slóðum. Ekki er því

ólílegt að ætla að hún hafi gegnt því hlutverki og þar sé fundinn Hálsstekkur.

Á flestum jörðunum voru stekkirir á bilinu tæplega 500 m til 700 m frá bæ en þar sem jarðrymi var meira s.s. í landi Hellu og Stóru-Hámundarstaða og Háls voru þeir í allt að 1 km fjarlægð frá bæ. Flestir stekkjanna voru stakar, tvískiptar tóftir en undantekning frá því var Hrístekkur þar sem fundust fjórar tóftir og garðlag (100:006).

Beitarhús og sel

Beitarhús voru skráð í landi Stóru-Hámundarstaða (052:040) og Hamars (179:012). Ekki fundust leifar beitarhúsanna á Stóru-Hámundarstöðum enda þau orðin mjög ógreinileg síðla á 20. öld. Greinilegar leifar beitarhúsa sjást hins vegar tæpum 2 km sunnan við Hamar, á Hálsdal. Þar eru tóftir tvöfaldrá fjárhúsa og hlöðu og önnur einföld tóft skammt frá. Ekki er ólílegt að beitarhúsin hafi í raun verið fleiri því algengt var að beitarhús væru á seljum.

Á skráningarsvæðinu voru 7-8 sel og sjást tóftir þeirra allra enn. Á flestum stöðum var um 2-3 tóftir að ræða (á Stóru-Hámundarstöðum (052:032), Brattavöllum (055:012), Skáldalæk (178:008) og Hálsi (181:014)) en umfangsmeiri tóftir eru á seli í Stóru-Hámundarstaðalandi sem hugsanlega tilheyrði Hálskoti (052:011). Þar eru greinilegar 5 tóftir. Á Fremraseli (181:015) á Hálsdal eru fjórar tóftir og hugsanlegt er að fjórar tóftir og garðlag sem fundust ofan við Litla-Árskóg (054:039) hafi verið af seli þó ekki sé unnt að fullyrða um það þar sem engar heimildir eru til um hlutverk staðarins. Litlasel (179:009) í landi Hamars er tæpum 500 m frá bæ. Þar var stök, tvískipt tóft sem minnir meira á stekk en sel og er að auki styttra frá bæ en meintur stekkur frá sama bæ.

Selin, sem skráð voru 2002, voru í mjög misjafnri fjarlægð frá bæ. Í mestri fjarlægð voru selin frá Hálsi sem voru 2,3 km og 3 km frá bæ. Selin á Stóru-Hámundarstöðum voru einnig í nokkurri fjarlægð frá bæ eða 2 km og 1,4 km. Önnur sel á svæðinu voru 400-700 m frá bæ.

Gerði

Gerðis-örnefni er algengt að finna í tünnum við bæi. Oftast eru það aðskildir túnskæklar eða túnjaðrar sem bera slík nöfn og undantekningarlítið hafa staðið á þeim fjárhús á seinni öldum. Af þessari tegund voru skráðar 7 fornleifar sem hafa orðhlutann „gerði” í nafni sínu en ekki er alltaf skýr vitneskja um hvaða mannvistarleifar hafa verið þar. Yfirleitt hafa þessir staðir verið annað hvort býli

(Hellugerði (066:016), Þrælagerði (181:009) og Fjallgerði (181:011)), eða fjárhús (Gerðishús (067:004), Háagerði (052:006) Miðgerði (052:019), Gerðisvík (066:017)).

Býlið Hellugerði hefur verið sléttað í tún og mestur hluti Þrælagerðis hefur hlotið sömu örlög. Á Fjallgerði sjást hins vegar miklar tóftaleifar (sjá nánar kaflann *Bæjarhólar, bæjarstæði og býli*). Gjarnan er talið að býli með –gerðis endingu hafi byggst upp á 16. öld eða síðar, en þar virðist um að ræða gömul fjárhússtæði með túni í kring sem breytt var í sjálfstæð býli.

Leifar fjárhússins Miðgerðis í landi Stóru-Hámundarstaða eru horfnar en enn sjást tóftir fjárhússins Háagerðis. Gerðishús í landi Litlu-Hámundarstaða eru horfin en greinileg merki um gerði og þúst innan þeirra eru í Gerðisvík í landi Hellu.

Kuml og kirkjugarðar

Á skráningarsvæðinu er engin kirkja en heimildir eru fyrir tveimur útkirkjum og þremur bænhúsum. Útkirkjur voru á Hellu (166:002) og Hálsi (181:006) en bænhús á Brattavöllum (055:016), Stóru-Hámundarstöðum (052:039) og í Litla-Árskógi (054:002). Engin ummerki sjást nú um þessar byggingar en staðsetning kirknanna á Stóru-Hámundarstöðum og Hellu er þó þekkt. Á Stóru-Hámundarstöðum var komið niður á bænhús þegar eldra íbúðarhúsið á jörðinni var byggt árið 1935. Á Hellu komu samtals 15 beinagrindur upp á 20. öld. Síðast komu menn niður á bein undir lok 9. áratugs 20. aldar þegar skipt var um jarðveg í hlaði. Þá voru grafnar upp nokkrar beinagrindur og reynt að afmarka kirkjugarðinn. Á grundvelli uppgrafarins var ályktað að kirkjugarðurinn hefði verið 300-400 m² að stærð. Ekki er annað vitað um aldur bænhús/grafreits á Hellu en það sem gildir um öll bænhúsin og útkirkjurnar á svæðinu nema á Brattavöllum, þ.e. að þau voru farin úr notkun síðla á 15. öld.

Óvenjumikið er af kumlum á skráningarsvæðinu. Þrjú kuml eru þekkt; tvö í landi Stóru-Hámundarstaða (052:025 og 052:026), en eitt á Hrísum (100:008).

Haustið 1930 fannst, í melhól á vestanverðum Hámundarstaðahálsi, hauskúpa úr manni og stórt spjót. Skammt frá höfðu áður fundist tvær hrossbeinagrindur við vegagerð. Líklega hefur kumlið verið rænt og hafa á þessum slóðum sennilega verið fleiri kuml. Kristján Eldjárn rannsakaði síðar sjálfur leifar annars kumls á austanverðum Hámundarstaðahálsi en fann ekkert nema beinamylnu, líklega úr hrossbeinum, og hrosshaus við jaðar haugsins. Nákvæm staðsetning þessa kumls er nú óþekkt.

Kuml fannst í s.k. Álfhól í Hrísalandi 1916. Í kumlinu voru bein miðaldra konu og kúpt næla, hringprjónn úr bronsi, snældusnúður úr blýi, járnútar torkennilegir, líklega úr skærum. Álfhóll er nú mikið skemmdur þótt útlínur hans sjáist enn. Stærstur hluti hólsins hefur verið tekinn í malarnám.

Auk ofangreindra kumla voru skráðir 7 staðir þar sem til eru frásagnir eða heimildir um beinafundi. Ekki er ólíklegt að flestir þessara staða séu í raun kuml. Ber þar fyrst að nefna tvo staði í landi Stóru-Hámundarstaða til viðbótar við þau tvö óumdeildu kuml sem áður hafa verið nefnd. Árið 1951 urðu jarðýtumenn varir mannabeina uppi á Hámundarstaðahálsi (052:028), en um þau var ekki hirt. Ekki fannst neitt haugfé með beinunum og nákvæm staðsetning er ekki kunn. Þessi bein hafa nær örugglega verið kumlateigur, e.t.v. á svipuðum stað og þekkt kuml sem fannst um 1930 (052:025). Allir þessir beinafundir sýna að margt kumla hefur verið/er á þessum slóðum, þótt nú sé vitneskja um þau fátækleg. Fjórði beinafundurinn (052:027) á Stóru-Hámundarstöðum var hins vegar á öðrum stað. Hann er talsvert innar, skammt utan við Hámundarstaðabæinn, ofan Þjóðvegur en innan við 100 m ofan við efstu tún. Þar fundust bein sem talin voru af barni. Engin frekari vitneskja er um beinin eða umbúnað þeirra.

Haraldur heitinn Davíðsson bóndi á Stóru-Hámundarstöðum getur í bréfi sínu til Þjóðminjasafns Íslands um haug við Lækjarbakka. Svo virðist sem hann eigi við Lækjarbakka í landi Hellu. Haraldur greinir frá því að haugur hafi þar verið rofinn og spjót sent Þjóðminjasafni. Aðrar heimildir eru ekki fyrir kumli á þessum stað og ekki hefur spjótið skilað sér inn á Þjóðminjasafnið. Hugsanlegt er að upplýsingar hafi skolast til og hinn rétti staður sé Lækjarbakki á Dalvík. Þar er þekkt kuml en ekki fannst þó spjót í því. Um það verður vart skorið nú og staðurinn því skráður við Lækjarbakka í Hellulandi.

Samkvæmt Harald Davíðssyni fannst einnig kuml norðan við Þorvaldsá, í Brúarmel (054:032). Kristján Eldjárn Kristjánsson getur þess í bréfi sínu til Þjóðminjavarðar um kuml í Stærra-Árskógslandi, „að hrossbein [einnig] hafi fundizt í melhól norðan við Þorvaldsdalsá, fáum metrum norðan við fossinn. Hann sendi nokkur af þessum hrossbeinum suður (Þjms. 7708b), en annars var staðurinn ekki rannsakaður.” Ekki er ólíklegt að þarna hafi einnig verið kuml en þar sem staðurinn var aldrei rannsakaður er ekki hægt að skera úr um það.

Anton heitinn Arason ábúandi á Hrísum taldi líklegt að kuml í hólnum Hausa hafi verið þar sem hæð var í móum suðaustan við bæ (100:012). Þar var skráður

hugsanlegur legstaður en hins vegar er líklegast að Hausi sé ekki í landi Hrísa heldur í landi Sökku nokkru sunnar (sjá Ey-176:033 í skýrslu frá 2001). Ekki er heldur vitað til þess að bein hafi komið upp þegar mounum var breytt í tún fyrir nokkrum áratugum. Annar heimildamaður mundi eftir munnmælum um að bein væru í hól nokkrum sem var þar sem nú eru gatnamót á þjóðvegi, suðvestan við Hrísabæinn (100:013). Sléttað var úr hólnum þegar vegur var lagður á þessum stað og ekki mundi heimildamaður eftir því að að bein hefðu komið upp við þær framkvæmdir.

Beinir eða Beinhóll (179:013) er hóll á merkjum Hamars og Hrísa. Þar var dys samkvæmt þjóðsögunni og þar á annar tveggja þræla Ingólfs Bjarmalandsfara að hvíla. Sagan er öll mjög þjóðsagnakennd en rétt að benda á að kuml kom í ljós í hinum haugnum sem sagan segir frá, í landi Sökku og því ekki útilokað að sagan byggji á traustum grunni.

Leiðir

Nokkrar leiðir voru skráðar sumarið 2001. Sumar eru minni slóðar milli staða innan landareignar eða milli bæja og nágrannajarða (sjá 052:047, 054:026-027, 054:036, 066:011, 066:014 og 066:028), en einnig voru skráðar lengri leiðir. Greinilegir, margfaldir slóðar (052:045) sjást yst í landi Stóru-Hámundarstaða og má greina þá þar sem þeir liggja yfir hálsinn, í gegnum garðlag (052:043) utan við Hálskotin og áfram inn eftir firði allt að ystu túnnum Hámundarstaða. Þessar götur eru fornar enda er þess getið í Jarðabók Árna og Páls að engin á Stóru-Hámundarstöðum troðist mjög af umreið héraðsmanna og var þar talin þingmannaleið áður.

Þjóðleið um Árskógsströnd lá áður á svipuðum stað og þjóðvegurinn er nú, ýmist aðeins ofar eða neðar. Göturnar (054:030) eru nú horfnar vegna síðari tíma umróts en þær lágu yfir Þorvaldsdalsá á Vaðhólshvammi.

Í Hálslandi sjást enn ummerki reiðgötu sem líklega er frá því snemma á 20. öld (181:023) og hefur verið upphlaðin.

Auk þess er það trú margra að Sveitarlangur, sem enn sést víða um sveitina, hafi verið samgöngumannvirki og líklegt verður að teljast að a.m.k. sumir garðanna hafi verið notaðir sem samgöngubót eftir að þeir taka að falla.

5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Um það svæði sem skráð var 2002 gildir sama meginregla og annars staðar í Eyjafirði, þ.e. meira en helmingur fornminjanna hafa vikið fyrir túnum og byggingum. Það eru því þær minjar sem eru í mestri fjarlægð frá bæ, eins og stekkir og sel sem helst hafa varðveist óskemmdar. Rétt er þó að benda á að heillegar leifar býla og mikilla garðlaga eru á svæðinu og er fremur óvenjulegt að slíkar leifar hafi varðveist svo vel nærri bæjum í byggð.

Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa. Ein besta leiðin til að varðveita minjastaði er að kynna þá og gera aðgengilega almenningi.

Rústir býlis/býla, sem m.a. hafa verið kallaðar Neðra-Hálskot (052:024) annars vegar og Efra-Hálskot (052:023) hins vegar, voru friðlýstar 1984 og er friðlýsingarskilti á efstu tóftinni (Efra-Hálskoti), skammt neðan við þjóðveg. Á umræddum stað getur að líta mikið garðlag sem afmarkar svæðið til norðvesturs og um 25 tóftir og gerði innan þess. Svæðinu hefur lítið verið raskað þótt einhverjar tóftanna hafi verið byggðar upp og notaðar aftur á síðari öldum. Greinilegt er af öllum ummerkjum að á þessum stað hefur verið myndarlegt býli með tilheyrandi útihúsum og gerðum. Fjölmörg nöfn hafa verið gefin þessum tóftum og má þar nefna Stóri-Háls, Hálskot, Dalsbær, og Neðra- og Efra-Hálskot. Kristian Kálund stakk upp á nafninu Dalsbæ þar sem giskað var á að þessi bær væri sá og hinn sami og er kallaður því nafni í Valla-Ljótssögu. Dalsbær virðist þó ekki sérstaklega viðeigandi nafn á þessum rústum þar sem ekki er ljóst við hvaða dal þær ættu að vera kenndar. Þær eru utan við Hámundarstaðaháls og á ströndinni. Líklegra er e.t.v. að hinn dularfulli Dalsbær sé Háls sem er fyrir mynni Hálsdals og gæti vel hafa verið kenndur við dalinn. Allt eru þetta getgátur og enn er mörgum spurningum ósvarað um rústirnar í landi Stóru-Hámundarstaða. Spannandi væri að rannsaka þær frekar og mæla upp. Tóftirnar eru friðaðar og er ljóst að þær hafa mikið verndunar-, rannsóknar- og kynningargildi.

Af öðrum fornleifum á skráningarsvæðinu sem hafa verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi má nefna:

1. **Selhjalla** í landi Stóru-Hámundarstaða (052:011). Þar var haft í seli

og eru þar fimm vel varðveittar tóftir. Ekki er ljóst hvort selið hefur verið frá Stóru-Hámundarstöðum eða Hálskotum en óháð því er svæðið athyglisvert og heillegt. Vegslóði liggur langleiðina að selinu sem hefur verndunar- og kynningargildi.

2. **Landamerkjagarðar** hafa verið víða á merkjum milli bæja. Þessir garðar segja sögu um þróun byggðar í sveitinni. Rannsóknir á þeim gætu hjálpað til við að skilja byggðasögu svæðisins til hlítar og því er rétt að huga sérstaklega að varðveislu þeirra. Á skráningarsvæðinu voru tveir landamerkjagarðar sérstaklega stæðilegir og heillegir. Þetta eru **landamerkjagarður milli Stóru-Hámundarstaða og Háls (052:015)** annars vegar og hins vegar **landamerkjagarður milli Hellu og Litla-Árskógar (055:002)**. Báðir garðarnir sjást á löngum köflum (2 og 2,4 km svæði) þótt ýmist rask s.s. vegagerð hafi spilt þeim að hluta. Koma þarf í veg fyrir að garðarnir verði fyrir frekari skemmdum en þeir hafa mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
3. **Fjárhústóft á Háagerði** í landi Stóru-Hámundarstaða (052:006) er eina varðveitta fjárhústóftin í túni á svæðinu og hefur sem slík sérstakt varðveislugildi.
4. **Leifar lítils hesthúskofa** í landi Stóru-Hámundarstaða (052:053) eru einu leifar hesthúss sem enn má greina á svæðinu. Kofinn er byggður upp við garðlag inn í skógreit nálægt íbúðarhúsunum á Stóru-Hámundarstöðum. Kofinn hefur varðveislugildi.
5. **Bænhús** á Stóru-Hámundarstöðum (052:039) var á svipuðum stað og eldra íbúðarhúsið á bænum stendur nú og var komið niður á undirstöður hússins þegar íbúðarhúsið var byggt um 1935. Bænhúsinu hefur líklega verið mikið raskað en þó er ekki útilokað að frekari leifar og/eða einhverjar grafir kunni að leynast á þessu svæði. Nauðsynlegt er að tryggja að frekara rask eigi sér ekki stað nema undir eftirliti fornleifafræðings. Staðurinn hefur varðveislu- og rannsóknargildi.
6. Á því svæði sem skráð var 2002 eru óvenjumargar frásagnir um mögulega kumlfundi. Þó voru aðeins staðfestar frásagnir af kumlum á tveimur stöðum, í Álfhól í Hrisalandi (100:008) og nokkur **kuml** á

Hámundarstaðahálsi. Vitað er um staðsetningu eins kumls á hálsinum (052:025) en frásagnir eru til um fleiri kumlafundi á svipuðum slóðum (052:026 og 052:028). Líklegt verður að teljast að á þessum slóðum leynist fleiri kuml og því ætti að huga sérstaklega að varðveislu þessa svæðis og gæta að því að þar verði ekki rótað án handleiðslu fornleifafræðings. Svæðið hefur rannsóknar- og varðveislugildi.

7. **Mannabein (052:027)** blésu upp ofan við efsta útihúsið á Stóru-Hámundarstöðum. Þar fannst beinagrind úr barni 1920-1930 en staðurinn var aldrei rannsakaður. Hann hefur varðveislu- og rannsóknargildi.
8. **Útkirkja** var í Hellulandi (066:002) og er staðsetning hennar þekkt. Margoft hefur verið komið niður á grafir henni tengdar þar sem nú er hlað við íbúðarhúsið á Hellu. Síðast voru grafnar upp nokkrar beinagrindur á þessum stað síðla á 9. áratugnum. Virðist hafa verið þétt grafið á þessum slóðum og er fráleitt búið að grafa upp allar þær grafir sem þar eru. Því er nauðsynlegt að tryggja að ekkert rask verði á þessum slóðum. Staðurinn hefur varðveislugildi.
9. **Naustavík** í Hellulandi (066:009) er lítil vík um 1,3 km innan við íbúðarhúsið á Hellu. Í víkinni var, eins og nafnið gefur til kynna, naust en þar voru einnig sjóbúðir, beituhús (íshús) og aðrar byggingar sem tengjast sjósókn. Yngstu húsin á svæðinu eru með steinsteiptum veggjum en þar eru einnig torfhlaðnar tóftir sumar hverjar nokkuð signar og fornlegar. Á þessum stað má því sjá framfarir í húsagerð sem tengist sjósókn og hafa þar varðveist skemmtilega blandaðar byggingar frá ýmsum tímum. Staðurinn hefur varðveislu- og kynningargildi,
10. **Stekkur í Stekkjarvík** í landi Hellu (066:018) er einn af mörgum stekkjum á svæðinu. Leifar hans eru vel varðveittar auk þess sem lag hans er nokkuð einkennilegt. Hann er tvískiptur en stærra hólfíð nærri því alveg kringlótt. Stekkurinn hefur varðveislugildi.
11. **Tvær sundlaugar** sem gerðar voru í kringum 1900 voru skráðar að þessu sinni og sáust merki þeirra beggja enn. Önnur laugin var í hlíðinni ofan við Litlu-Hámundarstaði (067:008) en hin, sem er

stærri, í landi Litla-Árskógar (054:028). Á báðum stöðum er um að ræða náttúrulegar dældir þar sem vatni var veitt og hlaðið fyrir. Báðir staðir voru notaðir til sundkennslu. Staðirnir hafa varðveislu- og kynningargildi.

12. **Vallargarður og miklar tóftir innan hans** í landi Hrísa (100:008) á merkjum við Hamar. Þar eru 8 tóftir innan mikils vallargarðs. Umfang tóftanna og útlit bendir helst til að þarna hafi verið býli en engar ritaðar heimildir eru þekktar um staðinn. Á svæðinu hefur þegar verið byggður sumarbústaður og sett niður hjólhýsi en varast ætti frekara rask á svæðinu þar sem það hefur mikið rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.
13. Aðeins sjást einar **beitarhúsarústir** á skráningarsvæðinu (179:012). Þær eru í Hamarslandi, inni á Hálsdal, tæpum 2 km frá bæ. Þar getur að líta 2-3 tóftir á hæð spottakorn frá Hálsá. Tóftirnar eru að flestu dæmigerðar beitarhúsatóftir en hafa sérstakt varðveislugildi þar sem þær eru einu rústirnar af þessari tegund sem þekktar eru á svæðinu.
14. Um **hauginn Beini** í landi Hamars (179:013) er til þjóðsagnakennd saga. Þar á annar tveggja þræla Ingólfs Bjarmalandsfara að hvíla. Hinn haugurinn er Hausi eða Haushóll í landi Sökku. Þar fannst hins vegar kuml og er því ekki útilokað að sögurnar um legstað þrælanna byggji á einhverju sagnaminni. A.m.k. verður ekki, nema með uppgreftri, útilokað að kuml sé í hólnum og hefur hann varðveislu- og rannsóknargildi.
15. **Býlið Lykkja** í landi Háls (181:008) er um 800 m norðan við Hálsbæ. Þar sjást ennþá leifar sporöskjulaga vallargarðs og 3-4 rústa. Býlið er að miklu leyti óskemmt og hefur varðveislu- og kynningargildi.
16. **Leifar Þrælagerðis (181:009)**, meints býlis skammt frá Hálsbænum, eru nú að mestu sléttaðar í tún. Þó má enn greina hluta vallargarðs sem lá umhverfis tóftirnar. Garðurinn hefur varðveislu- og rannsóknargildi.
17. **Býlið Fjallgerði (181:011)** er í hálsinum um 600 m SSA við Hálsbæinn. Þar eru enn 8 tóftir og mikil garðlög í námunda. Staðurinn hefur varðveislu-, rannsóknar- og kynningargildi.

18. Í **austanverðum Hálsdal** er talsvert af spennandi fornleifum og mætti auðveldlega gera spennandi gönguleið inn dalinn þar sem fornleifar væru í fyrirrúmi. Á þessari leið mætti ganga framhjá Fjallgerði (181:011) og síðan meðfram miklum garðlögum (181:024 og 181:028) sem liggja fyrir ofan býlið og að Hálsá. Á milli garðlaganna, niður við Hálsá, væri svo farið fram hjá skemmtilegri tóft líklega var stekkur (181:027) frá Hálsi. Ef áfram er haldið inn dalinn er fyrst komið að Hálsseli (181:014) en þar eru 3 tóftir í um 2,3 km fjarlægð frá bæ, utan Ríplanna sem skipta dalnum í tvennt. Fyrir þá sem vildu lengri gönguleið mætti halda sem leið liggur yfir Ríplana að Fremraseli (181:015) en þar eru 4 tóftir um 3 km frá bæ. Enn innar er svo smalakofi á dalnum (181:020). Hálsdalur var fyrrum nýttur sameiginlega af Hámundarstöðum og Hálsi í Svarfðardal en skv. merkjadómi frá 1890 telst Hálshlíðin öll í landi Háls. Svæðið er óvenju auðugt af skemmtilegum minjum og gönguleið inn eftir dalnum er auðveld. Hún byði upp á möguleika á skemmtilegri kynningu á búskaparháttum fyrri tíma. Svæðið hefur varðveislu- og kynningargildi.
19. **Sveitarlangur** hafa garðaleifar víðs vegar í Svarfaðardal og Skíðadal verið nefndar einu nafni. Um er að ræða garða sem liggja meðfram fjallshlíðinni ofan bæjanna og eru sums staðar greinilegir á löngum köflum. Víða í sveitinni sjást garðar sem líklega eru hluti af e.k. garðakerfi. Oft er langt á milli garðparta og erfitt að skera úr um hverjir garðanna geta talist hluti kerfisins og hverjir gætu byggðir á öðrum tíma og í öðrum tilgangi. Á svæðinu öllu voru þó margir heillegir garðpartar sem líklega geta talist hluti af kerfinu. Auk landamerkjagarða má nefna garða syðst í landi Skáldalækjar (178:013), í landi Skáldalækjar, Hamars og Hamarskots (180:006), garðlög frá þvergarði sem afmarka tún Hamars og Hamarskots (179:015 og 180:006), í Hálslandi (181:028, 181:024, 181:029 og 181:033), í landi Stóru-Hámundarstaða (052:043) og (052:044), á Litlu-Hámundarstöðum (067:009) og að lokum við merki Litla-Árskógar og Brattavalla (054:033). Ekki er ólíklegt að á svæðinu leynist fleiri garðspottar sem gætu hjálpað til við að þúsla saman

heiligri mynd af garðakerfi á svæðinu. Þá mætti e.t.v. finna með nánari úttekt á svæðinu ásamt rannsókn á góðum loftmyndum. Líklegt er að sumir garðanna séu mjög fornir og hafa þeir mikið varðveislu-, rannsóknar og kynningargildi.